

FRAMKVÆMDAÁÆTLUN 2018 - 2019

Hlutverk LUF:

1. Að vera samstarfs- og samráðsvettvangur frjálsra ungmennafélaga sem starfar óháð pólitískum, trúarlegum og efnahagslegum þrýstingi.
2. Að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum frjálsra ungmennafélaga og vera málsvari þeirra gagnvart opinberum aðilum.
3. Að efla ungmennastarf og umræðu um málefni ungs fólks á Íslandi.
4. Vera fulltrúi aðildarfélaganna í margvíslegu alþjóðasamstarfi.
5. Að framkvæma samkvæmt vilja aðildarfélaganna og veita þeim ekki samkeppni í starfi þeirra.

Markmið LUF:

1. Að tala fyrir hagsmunum ungs fólks á Íslandi.
2. Að vernda og efla réttindi ungs fólks og bregðast við þegar þau eru virt að vettugi.
3. Að stuðla að valdeflingu ungs fólks í samfélaginu.
4. Að efla samstarf og miðlun upplýsinga meðal aðildarfélaga.
5. Að veita aðildarfélögum upplýsingar um málefni og félagsstörf ungs fólks á innlendum sem og erlendum vettvangi.
6. Að efla samskipti og samvinnu ungs fólks á Íslandi við ungt fólk um heim allan.
7. Að koma fram fyrir hönd aðildarfélaganna þegar um sameiginleg hagsmunamál þeirra er að ræða,
8. Að vera málsvari aðildarfélaga gagnvart alþjóðlegum stofnunum og samtökum þegar þess er þörf.
9. Að stuðla að umræðu og þekkingarsköpun um málefni ungs fólks.

Þessi hlutverk og markmið ætla LUF að rækja með því að starfa sem öflugt hagsmunafélag ungs fólks á Íslandi. Stjórn hefur sett sér sértækari og mælanlegri markmið til að þjóna tilgangi sínum og vinna að ofangreindum markmiðum sambandsins.

Framkvæmdaáætlun 2018-2019 skiptist í sex meginstoðir: 1) lögbundna ábyrgð, 2) Réttindi ungs fólks, 3) Þátttaka ungs fólks, 4) Sjálfstæði ungs fólks, 5) Sterk ungmennafélög og 6) alþjóðastarf. Sértæk markmið stoðanna miðast við lög, stefnu og alþjóðlegar skuldbindingar.

1. Lögbundin ábyrgð

Lögbundin ábyrgð stjórnar er grunnstoð félagsins og skal stjórn standa undir þeirri ábyrgð undantekningalaust. Stjórn er skylt að uppfylla neðangreind markmið í því skyni að skapa fullnægjandi vettvang fyrir aðildarfélögin til að taka virkan þátt í ákvarðanatöku og stefnumótun í þeim málum sem snerta starfsemi frjálsra félagasamtaka sem leidd eru af ungu fólki og í þágu ungs fólks.

Skyldur stjórnar:

❑ 1.) Halda stjórnarfundum hálfsmánaðarlega

Stjórnarfundir skulu haldnir hálfsmánaðarlega. Þar tekur stjórn ákvarðanir um þau mál sem til umræðu eru hverju sinni, fylgir eftir yfirstandandi verkefnum, ræðir þær hugmyndir sem upp koma ásamt því að sinna verkefnum og daglegum störfum LUF í samræmi við framkvæmdaáætlun þessa.

❑ 2.) Halda fjóra fulltrúaráðsfundi á starfstímabilinu

Fulltrúaráð LUF fer með æðsta vald félagsins milli sambandsþinga. Vettvangurinn skal notaður til þess að miðla upplýsingum um þau verkefni sem félagið er að vinna, taka þau til umræðu og móta hugmyndir að nýjum verkefnum eftir þörfum. Fulltrúaráðsfundir skulu einnig gegna því hlutverki að virkja aðildarfélög LUF í gegnum fulltrúa sína.

❑ 3.) Halda Sambandsþing

Árlegt Sambandsþing LUF verður haldið í lok febrúar ár hvert. Þar er lögð rík áhersla á umræðu- og tillögurétt aðildarfélaganna, starfsemi þeirra og LUF er til umræðu. Þar eiga sæti þrjú fulltrúar frá hverju aðildarfélagi LUF.

2. Réttindi ungs fólks

Í stefnu LUF sem samþykkt var á sambandsþingi 2018 er réttindi ungs fólks ein afmegináherslunum, en undir það fellur félagsleg samlögun og kynjajafnrétti. Í stefnu kemur fram að ungt fólk stendur frammi fyrir mismunun þegar kemur að aðgengi að borgaralegum-, efnahagslegum- og félagslegum réttindum. Horfast þarf í augu við að ungt fólk er jaðarsett vegna aldurs og er oft berskjaldaðasti hópur samfélagsins. Líta þarf til þess að ungmenni yfir 18 ára aldri njóta ekki sérstakrar lagalegrar verndar Barnasáttmálans og þarf því sérstaka athygli. Auk þess er samfélagshópurinn „ungt fólk“ fjölbreyttur og innan hans eru jaðar- og minnihlutahópar sem standa frammi fyrir margþættri mismunun.

Markmið stjórnar:

❑ 4.) Stuðla að aðgengi og jöfnum tækifærum

Í anda fjölmenningshyggju og með samþættingu ungmenna-, kynjajafnréttissjónarmiða mun LUF beita sér í félagslegri samlögun og vinna að því að vernda og efla réttindi ungmenna sem tilheyra minnihluta- og jaðarsettum hópum. Þetta mun LUF gera með því að fordæma hatursorðræðu og

hverskonar mismunun. Með tilraunum til að fjölga aðildarfélögum verður lögð rík áhersla á að endurspeglar raddir sem flestra íslenskra ungmenna, innan LUF sem utan. Er þetta gert til þess að tryggja aðkomu fjölbreyttra hópa ungs fólks að ákvarðanatöku og stefnumótun. LUF setur það sem skilyrði að ekkert skal framkvæma eða ákveða án samráðs við þá sem málið varðar.

❑ 5.) Bregðast við mannréttindabrotum

LUF mun bregðast við hverskonar mannréttindabrotum gegn ungu fólki. Stjórn mun m.a. fylgja eftir áskorun sem félagið sendi á Ríkisskattstjóra, sem hefur hafnað einstaklingum undir 18 ára aldri um stjórnarsetu í almennum félögum. Þetta telur stjórn LUF ganga gegnstjórnarskrárvörðum réttindium og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Þessi mismunun á grundvelli aldurs aftrar samfélagsþátttöku ungs fólks og hindrar jöfn tækifæri.

3. Þátttaka ungs fólks

Önnur megináherslan í stefnu LUF er þátttaka ungs fólks og undir að fellur lýðræðisþátttaka, valdefling, fræðsla og nauðsynleg þátttaka ungs fólks í að stuðlar að sjálfbærri þróun. Í stefnu segir að félagsleg útilokun, ójafnrétti og aldursfordómar hindra ungu fólki að njóta virkrar og raunverulegrar þátttöku. Ungt fólk er gagnrýnið á stjórnkerfið, tekur síður þátt í hefðbundnum stjórnámálum og er ólíklegast til að kjósa. Ungt fólk kys fremur nútímalegri aðferðir til þess að koma skoðunum sínum á framfæri. Aðgengi ungs fólks að stefnumótun og ákvarðanatöku samfélagsins er nauðsynlegt ef lýðræði á að þrífast. Ungmennafélög spila lykilhlutverk í að stuðla að samfélagsþátttöku ungs fólks og lýðræðislegri borgaravitund.

Markmið stjórnar:

❑ 6.) Gefa út skýrslu um #ÉgKýs 2017

LUF mun koma til með að gefa út skýrslu um #ÉgKýs 2017 að höfðu samráði við Samband íslenskra framhaldsskólanema (SÍF). Eftirfylgnirannsókn hefur verið framkvæmd í samstarfi við fræðasamfélagið og unnið verður úr niðurstöðum könnunar sem send var út á alla framhaldsskóla eftir Alþingiskosningarnar 2017. Er þetta gert til þess að mæta markmiði félagsins um að stuðla að þekkingarsköpun um málefni ungs fólks, í þessu tilviki um lýðræðisþátttöku og kosningahegðun.

❑ 7.) Framkvæma #ÉgKýs 2018

Í samstarfi við SÍF og aðra hagsmunaaðila mun LUF framkvæma lýðræðisverkefnið #ÉgKýs fyrir sveitarstjórnarkosningarnar í maí. Verður sú framkvæmd hin fyrsta af þeirri tegund og er því liður í að þróa skuggakosningar áfram hér á landi. Lýðræðisvika og skuggakosningar í framhaldsskólum munu fara fram um miðjan apríl. Markmiðið snýr eins og áður að því að auka kosningaþátttöku og lýðræðisvitund ungs fólks. En lögð verður aukin áhersla á að ná til innflytjenda.

❑ 8.) Lækkun kosningaaldurs

LUF mun fylgja eftir frumvarpi til laga um lækkun kosningaaldurs í 16 ára. LUF hefur þegar fundað við undirbúning frumvarpsins, sent inn tvær umsagnir, fundað með Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingi og komið fram í fjölmiðlum. LUF mun halda áfram að beita sér af krafti þar til frumvarpið fer fyrir Alþingi til að tryggja að 16 og 17 ára ungmenni hljóti kosningarétt í vor. Þá hefur LUF borið lækkun kosningaaldurs undir aldurshópana sem málið varðar og mun afla frekari upplýsinga.

❑ 9.) Rekstur leiðtogaskóla

Samfélagsþátttaka er lærð hegðun og ungt fólk þarfnast valdeflingar til að þekkja, æfa og verja réttindi sín - til að hafa getu til að taka þátt og njóta til fulls lýðræðislegrar borgaravitundar. LUF skal því vera leiðandi í mannréttinda- og lýðræðisfræðslu í gegnum sjálfboðastarf, námskeið, vinnustofur og annað óformlegt nám. LUF mun standa fyrir virku námskeiðahaldi auk fræðslu um málefni og starfsemi ungmennafélaga. Í leiðtogaskólanum verður boðið upp á ýmis námskeið sem nýtast starfi aðildarfélaganna og meðlimum þeirra. Lagt er upp með að námskeiðin auki getu meðlima aðildarféлага til að sinna hagsmunagæslu og efla leiðtogahæfni þeirra. Með áherslu á jafningafræðslu mun LUF þróa skólann áfram með því að byggja upp þjálfaralið (e. Pool of Trainers).

4. Sjálfstæði ungs fólks

Þriðja megináhersla í stefnu LUF er sjálfstæði ungs fólks, en undir hana falla heilbrigðis-, atvinnu-, mennta- og húsnæðismál. Í stefnunni segir að það þurfi að viðurkenna að kynslóðirnar sem nú vaxa úr grasi ná fullu sjálfstæði seinna en fyrri kynslóðir sem veldur því að fólk í dag á það til að festast í millibilsástandi - í ferlinu á milli forræði og sjálfstæðis. Vakin er athygli á því að geta ungs fólks til að taka fulla ábyrgð á eigin lífi eftir 18 ára aldur, lýðræðisleg borgaravitund og aðgengi að félags- og efnahagslegum réttindum helst í hendur. Ef þörfum ungs fólks er ekki mætt er hætta á að trú ungs fólks á lýðræði bresti.

Markmið stjórnar:

❑ 10.) Vera stefnumótandi og hafa áhrif á ákvarðanatöku

LUF mun koma til með að vakta það sem fer fram á Alþingi og senda inn umsagnir í samræmi við stefnu LUF. Barist verður fyrir aðkomu ungs fólks að stefnumótun sem snerta áherslur LUF. Í gegnum fulltrúa LUF í Æskulýðsráði verður lögð áhersla á að leggja grunn að heildstæðri stefnu hins opinbera í málaflokknum.

❑ 11.) Leggja grunn að geðheilbrigðisverkefni

Til að bregðast við því háa hlutfalli ungs fólks sem stríðir við geðsjúkdóma á við kvíða og þunglyndi, mun LUF þróa verkefni í tengslum við innleiðingu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna. Sérstök áhersla verður lögð á markmið þrjú um heilsu og vellíðan.

❑ 12.) Þróa stefnuályktun til samþykktar á sambandsþingi 2019

Þar sem að „sjálfstæði ungs fólks“ var kosið þema ársins á sambandsþingi 2018 er stjórn skuldbundin til þess að setja saman heildstæða stefnuályktun sem tengist þeim málefnum sem falla þar undir. Stefnuályktunin verður á ábyrgð málefnafulltrúa LUF í stjórn og verður unnin í nánu samráði við fulltrúaráð áður en hún verður lögð til umræðu og samþykktar á sambandsþingi 2019.

5. Sterk ungmennafélög

Fimmta megináherslan í stefnu LUF er að leggja áherslu á að vinna að sjálfstæði ungmennafélaga. Er þessi áhersla jafnframt ein megináhersla Evrópska ungmennavettvangsins (e. European Youth Forum). Þá er þar sérstaklega átt við mikilvægi þess að stjórnvöld styðji við hagsmuna- og félagsstörf ungs fólks, bæði félags- og fjárhagslega.

Markmið stjórnar:

❑ 13.) Uppbygging innviða

LUF mun einbeita sér að því að veita aðildarfélögum sínum stuðning, aðstoð og ráðgjöf í starfsemi sinni. Það verður gert með rekstri skrifstofu, sem er bæði þjónustumiðstöð fyrir aðildarfélögin og höfuðstöðvar starfseminnar. LUF mun halda uppbyggingu innviða áfram í því skyni að hafa meiri getu til að þjónusta aðildarfélögin. Verkferlar verða endurbættir sem og samskipti á milli aðildarfélaganna. Til að tryggja frelsi, sjálfstæði og styrkja fjárhagsstöðu LUF í innviða uppbyggingu mun félagið kanna möguleikana á nýjum fjármögnunarleiðum.

❑ 14.) Sterk samvinna milli aðildarféлага

LUF stuðlar að því að aðildarfélög kynnist innbyrðist. Á fyrsta fulltrúaráðsfundi er skipaður starfshópur sem vinnur að skipulagi tengslanetaviðburðar á árinu. Markmið viðburðarins er að aðildarfélögin kynnist innbyrðis, læri hvort af öðru og geti nýtt styrkleika hvers annars til að vinna saman að sameiginlegum markmiðum.

❑ 15.) Útgáfa verkfærakistu

Stjórn mun gefa út verkfærakistu ungmennafélaga (e. Toolkit for Youth NGOs) sem verður huguð sem gagnasafn fyrir ungmennafélög. Verkfærakistan verður unnin með þarfir aðildarfélaganna í huga þar sem öllum hagsmunaaðilum er frjálst að bæta við hana nytsamlegum verkfærum. Markmiðið með kistunni er að styrkja störf ungmennafélaga, styðja við innra starf þeirra og safna saman öllum þeim upplýsingum sem eru hjálplegar fyrir starf þeirra. Kistan verður hýst á vefsvæði LUF: luf.is. Vonast er eftir því að kistan muni nýtast öllum þeim sem starfa við og fást við stjórnun og rekstur félagasamtaka ungs fólks. Með þessu mun stjórn bregðast við þeirri miklu eftirspurn eftir slíku hagnýtu efni.

❑ **16.) Berjast fyrir jafnræði fjárúthlutana**

Stjórn LUF mun koma til með að beita sér fyrir auknum og sanngjörnum framlögum hins opinbera til ungmennafélaga. Þá mun stjórn krefjast þess að rekstrargrundvöllur LUF og aðildarfélaganna sé tryggur. LUF mun beita sér gegn hvers lags ójöfnuði við úthlutun styrkja úr samkeppnissjóðum sem hugsaðir eru fyrir ungmennafélög. Þá mun LUF beita sér fyrir því að félög sem ekki eru á fjárlögum hafi forgang að slíkum styrkjum enda hafa þau minna bolmagn til að standa straum af sinni starfsemi.

❑ **17.) Gera úttekt á úthlutunum til ungmennafélaga**

Á sambandsþingi LUF 2017 kom fram tillaga frá þingfulltrúum þess efnis að stjórn vinni úttekt á fjárhagsstöðu aðildarfélaganna. Kom þessi tillaga til eftir að ljóst var að mörg félög stríða við mannauðs- og fjárhagsskort. LUF hefur sent út skoðanakönnun á aðildarfélögin og mun safna gögnum sem endurspeglar heildina sem best. LUF mun ljúka því verkefni og gefa út viðameiri skýrslu með sem inniheldur einnig samantekt á fjárútlátum ríkisins til málaflokksins og skiptingu úthlutana til ungmennafélaga úr samkeppnissjóðum.

❑ **18.) Tala fyrir endurskoðun á Æskulýðslögum**

Þar sem Æskulýðslög frá árinu 2007 samrýmast LUF og aðildarfélögum þess illa mun LUF beita sér fyrir endurskoðun á lögum í heild, ásamt þeim skilgreiningum sem þar er að finna. Lítur LUF svo á að án endurskoðunar sé torvelt fyrir félagið að starfa í málaflokknum og ná markmiðum sínum. Þegar hefur farið fram umræða um þörf á lagabreytingum á Alþingi og er það einnig lagt til í stefnumótun Æskulýðsráðs.

6. Alþjóðastarf

LUF er aðili að Evrópska ungmennavettvangnum (YFJ) og hefur því skyldum að gegna gagnvart þeim heildarsamtökum. LUF er jafnframt aðili að Norðurlanda- og Estrasaltsríkjabandalaginu „Nordic Baltic Cooperation“ (NBC). LUF hefur alltaf lagt ríka áherslu á alþjóðlega samvinnu, sem hefur eflst að undanfögnu og verður haldið áfram af krafti. Þá jukust alþjóðlega skuldbindingar töluvert árið 2017 þar sem LUF á nú fulltrúa í Ráðgjafaráði Evrópuráðsins í málefnum ungs fólks (e. Advisory Council on Youth to the Council of Europe), Norrænu barna- og ungmennanefndinni, NORDBUK, Sérfræðihópi Norrænu ráðherranefndarinnar um Heimsmarkmiðin (e. Expert group on SDGs of the Nordic Council of Ministers) og sérfræðihópum YFJ um mannréttinda-, innflytjenda- og loftlagsmál.

Markmið stjórnar:

❑ **19.) Auka samstarf við hagsmunaaðila**

LUF mun leitast eftir því að efla samstarf við aðildarfélög sín sem beita sér sérstaklega í alþjóðamálum, sem og annarra aðila eins og t.d. utanríkisráðuneytið, Norræna félagið og Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi. Með þessu væri hægt að styrkja getu LUF til að beita sér á alþjóðavettvangi,

miðla upplýsingum, koma í veg fyrir tvíverknað, auka samkeppnishæfni ungra Íslendinga og tryggja betur aðkomu ungs fólks að alþjóðlegri samvinnu.

❑ **20.) Stofna alþjóðadeild**

Reynst hefur erfitt fyrir félög eins og LUF sem stríða við skort á mannauði að halda utan um allt sem viðkemur alþjóðastarfi. Til að anna álaginu og til þess að tryggja meiri aðkomu aðildarfélaganna og sýnileika LUF erlendis kaus fulltrúaráð 2017-2018 fulltrúa í alþjóðanefnd ráðsins sem þarf að þróa betur. Til að gefa fleirum kost á að taka virkan þátt í alþjóðastarfi LUF og dreifa álaginu betur, mun LUF innleiða verk- og vinnuferla alþjóðadeildar ráðsins sem alþjóðafulltrúi stjórnar mun hafa umsjón með. Þá er einkum átt við að smíða lýðræðislegri reglugerð um hvernig haga á tilnefningum á ráðstefnur, í alþjóðlegar nefndir, ráð og sérfræðihópa. Horft er til systursamtaka LUF á Norðurlöndunum í framtíðarsýn þeirrar vinnu þar sem slík alþjóðadeild hefur starfsmann til ráðgjafar og stuðnings til að anna álaginu.

❑ **21.) Innleiða Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna**

LUF mun taka virkan þátt í Norræna tengslanetinu um Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna sem skipað er af landssamböndum ungmennafélaga (e. national youth councils) á Norðurlöndnum og var komið á laggirnar árið 2017. LUF mun koma til með að halda annan fund tengslanetsins á Íslandi í mars í samstarfi við Finnland þar sem lögð verður áhersla á sjálfbæra þróun. Í framhaldi að því mun LUF taka þátt í og veita ráðgjöf við skipulagningu alþjóðlegrar ráðstefnu sem ber yfirskriftina „ReGeneration 2030“ sem haldið verður í Álandseyjum í ágúst. Þar munu fulltrúar ríkja sem eiga aðild að Estrasaltsráðinu koma saman og ræða þátttöku ungs fólks í framkvæmd Heimsmarkmiðanna. Ísland er eitt fárra ríkja sem hefur ekki ungmennafulltrúa hjá Sameinuðu þjóðunum (e. UN Youth Delegation) og mun LUF beita sér í að koma því á fót.

Í samráði við fulltrúaráð hefur stjórn og starfsfólk LUF heimild til að takast á við tilfallandi verkefni sem samræmast hlutverki, markmiðum og stefnu LUF.

Tillaga þessi var lögð til umræðu á sambandsþingi LUF 25. febrúar 2018, var endurskoðuð af stjórn LUF kjörtímabilið 2018-2019 og var samþykkt á fyrsta fulltrúaráðsfundi þann 30. apríl 2018.